


Málefni: Fyrirspurn um þjónustuskilti á lóð

Óskað er eftir afstöðu skipulags Kópavogs til þess að koma fyrir upplýsingaskjám við Dalveg 30 og 30a. Um er að ræða upplýsingaskjáir þar sem fyrirtæki í húsunum geta komið sýnilegum upplýsingum á framfæri fyrir vegfarendur á svæðinu, s.s. um starfsemi, þjónustu og aðgengi.

Markmið með uppsetningu skjanna er að bæta upplýsingagjöf til almennings og auka sýnileika þeirra fyrirtækja sem starfa í húsunum, án þess að um sé að ræða hefðbundin auglýsingaskilti. Sambærilegt þjónustuskilti hefur verið samþykkt og sett upp við Dalveg 32.

Óskað er eftir leiðbeiningum um hvort slík uppsetning samræmist gildandi deiliskipulagi og hvaða skilyrði eða takmarkanir kunna að eiga við, m.a. hvað varðar staðsetningu, stærð, útlit og lýsingu. Staðsetning skjanna er samkvæmt deiliskipulagi:



13. SKILTÍ Á LÓÐ OG BYGGINGUM

Leiðbeinandi staðsetning skilta á lóð er sýnd á uppdrætti. Þar sem þau eru nálægt veghelgun Reykjanesbrautar þurfa þau umsögn Vegagerðar áður en sótt er um byggingarleyfi. Þjónustuskilti eru heimiluð á byggingum en þurfa að hljóta afgreiðslu skipulagsráðs þegar byggingaráform eru lögð fram. Þjónustu- og auglýsingaskilti eru ekki heimiluð á þökum bygginga. Þjónustuskilti eru heimiluð á byggingum og lóð. Auglýsingaskjáir eru óheimilir á byggingum og lóð. Óheimilt er að lýsa skilti með blikkandi lýsingu. Lýsing skal vera óbein og samfelld og komið fyrir þannig að hún lýsi beint á skilti eða sé innbyggð í skilti og lýsi ekki beint á götu, stíga eða aðliggjandi lóðir. Gagnsæ skilti (e. Internally-lit box signs) með innri lýsingu skulu vera dimmanleg og klukkustýrð þannig að tryggt sé að lýsing valdi hvorki ljósmengun nágrönnum til óþæginda né trufla umferð utan lóða. Þinglýsa skal kvöðum á lóðimar vegna framangreinds skilyrðis fyrir útgáfu byggingarleyfis.




Tillaga 1 – tveir skjáir, annar snýr út að Dalvegi og hinn inná lóðina.



Tillaga 2 – tveir skjáir, annar snýr út að Dalvegi til vesturs og hinn til austurs.

Sunnan megin lóðar myndu skjáirnir snúa út að Reykjanesbraut til vesturs og til austurs.
Með von um góðar viðtökur.

Virðingarfyllst,


Andri Klausen arkitekt FAÍ